



Tannlæknafélag Íslands

Icelandic Dental Association

Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 6. febrúar 2020

Umsögn Tannlæknafélags Íslands um drög að frumvarpi til laga um breytingu laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (stjórn og eftirlit).

Stjórn Tannlæknafélags Íslands (TFÍ) hefur fjallað um drög að frumvarpi er Heilbrigðisráðuneytið birti þann 16. janúar sl. og hefur eftirfarandi athugasemdir:

1. og 2. gr – Stjórn lögð niður

TFÍ telur óráðlegt að leggja niður stjórn sjúkratryggingastofnunar. Aðhald stjórnar er mikilvægt hjá stofnun sem fer með miklar fjárhæðir af almannafé. Í ljósi þess að stefnt er að auku umfangi stofnunarinnar í framtíðinni og að öll kaup á heilbrigðisþjónustu munu vera í höndum sjúkratryggingastofnunar, telur TFÍ æskilegt að stjórn verði til staðar sem hafi eftirlit með starfsemi stofnunarinnar.

3. gr – Endurgreiðsla

TFÍ telur það rökrétt og í takt við tímann að heimilt sé að endurgreiða kostnað sjúkratryggðs til þjónustuveitenda sem standa utan samninga. Reikningar með rafrænum hætti eru hagræðing fyrir alla aðila, sjúkratryggingastofnun, þjónustuveitendur og þjónustunotendur.

4. gr og 5. gr – Eftirlit og aðgengi að gögnum

TFÍ telur eðlilegt að sjúkratryggingastofnun hafi eftirlit með þjónustuaðilum sjúkratryggðra. TFÍ getur engu að síður ekki fallist á ótakmarkað heimild stofnunarinnar til að kalla eftir gögnum og telur að sú hagræðing sem sjúkratryggingastofnun ætli að ná fram með þessari breytingu falli á þjónustuveitendur. Óljóst er hver tilgangur og hvert umfang gagnasöfnunar er og getur verið óhagræðing fyrir þjónustuveitendur. Er það skoðun TFÍ að skoðun gagna eigi að fara fram á þeim stað sem gögnin eru geymd.

Virðingarfyllt,
Fyrir hönd stjórnar Tannlæknafélags Íslands

Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir
formaður TFÍ